



Leikskólar 2024

Gjaldskrá leikskóla	2024
4 klst	17.160
4,5 klst	19.305
5 klst	21.450
5,5 klst	23.595
6 klst	25.740
6,5 klst	27.885
7 klst	30.030
7,5 klst	32.175
8 klst	34.320
8,5 klst	36.465
Morgunmatur	2.996
Hádegismatur	5.815
Síðdegishressing	2.996

Leikskólagjöld og aðrar skyldur þjónustuþega

Sveitastjórn ákveður gjaldskrá leikskóla og gerir breytingar á verðgrunni að fenginni umsögn fræðsluráðs.



DALVÍKURBYGGÐ

Systkinaafsláttur:

Til að njóta systkinaafsláttar þurfa börn innan sömu fjölskyldu að vera skráð á kennitölu sama forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili. Systkinaafsláttur er samtengdur á milli leikskóla og skólavistunar. Afsláttur reiknast alltaf fyrst á elsta barnið og svo í aldursröð.

- 1. barn fær 100 % afslátt
- 2. barn fær 30% afslátt
- 3. barn greiðir fullt gjald

Aðrir afslættir

Einstæðir foreldrar og námsmenn fá 30% afslátt af leikskólagjaldi þess barns sem ekki fær systkinaafslátt. Miðast er við að foreldri sé í háskólanámi og skráð í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn og í framhaldsskólanámi skráð í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn. Skila skal skólavottorði fyrir fram fyrir hverja önn og þar skal koma fram að um fullt nám sé að ræða. Afsláttur kemur til greiðslu með staðfestingu frá skóla að hann hafið lokið námi á viðkomandi önn. Stuðst er við sömu viðmið og LÍN. Afsláttur vegna náms er ekki veittur frá 1. júní til 31. ágúst.

Enginn afsláttur er veittur af gjöldum þótt börn séu fjarverandi um tíma nema um langvarandi fjarveru vegna veikinda sé að ræða (mánuð eða meira) og veikindavottorð hafi borist.

Afsláttur er gefinn af fæðisgjaldi ef barn er fjarverandi samfelld í 2 vikur eða lengur og fjarveran hafi verið tilkynnt leikskólanum.

Ef leikskólagjöld eru í 3ja mánaða vanskilum hefur leikskólastjóri í samráði við skólaskrifstofu fulla heimild til að segja viðkomandi foreldrum/forráðamönnum upp leikskóladvöl. Að öðru leyti er vísað til innheimturreglna Dalvíkurbyggðar.

Ef foreldrar/forráðamenn virða ítrekað ekki umsamin vistunartíma, hefur leikskólastjóri í samráði við skólaskrifstofu, að undangenginni viðvörðun, heimild til að segja viðkomandi upp leikskóladvöl.



DALVÍKURBYGGÐ

Niðurfelling á gjöldum í Krílakoti

Kjósi foreldrar/forráðamenn að hafa börn sín í fríi í haustfríi, milli jóla og nýárs og/eða í Dimbilviku er hægt að sækja um niðurfellingu á gjöldum þá daga (sjá skóladagatal). Niðurfelling gjalda er háð því að sótt er um hana fyrir fram. Auglýst er fyrir hvaða tíma þarf að vera búið að sækja um hverju sinni

Sumarlokun: Krílakot lokar í 4 vikur. Ef börnin eru skráð í frí 5 virka daga samfelld þess utan verða gjöld felld niður ef látið er vita með auglýstum fyrirvara. Afslátturinn gildir frá 15. maí til 30. september.

Ekki er hægt að breyta skráningu.

Haustfrí - Krílakot er lokað, ekki er greitt fyrir þá daga.

Kötlukot

Foreldrar barna í Kötlukoti fá 3% afslátt frá gjaldskrá vegna fleiri lokunardaga

Samþykkt í fræðsluráði þann 8.11.2023
Samþykkt í sveitastjórn Dalvíkurbyggðar þann 28.11.2023
Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2024